

2. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

7.3 Við mat samkvæmt 1. og 2. mgr. ber að styðjast við mörk í VI. viðauka með reglugerð, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og þegar við á reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 20. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 13. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Á eftir sjúkraliðabraut á bls. 151 kemur lýsing á nýrri námsbraut:

Framhaldsnám sjúkraliða (SF)

43 einingar

Framhaldsnám sjúkraliða hefur þann tilgang að auka færni og þekkingu sjúkraliða til þess að hjúkra öldruðum í samræmi við markmið hjúkrunar og nýjar hugmyndir í öldrunarfræðum, en einnig að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða í störfum sínum innan og utan stofnana. Námið er samtals 43 einingar, tekur tvær annir í skóla og jafnframt er gert ráð fyrir 8 vikna starfsþjálfun undir leiðsögn hjúkrunarfræðings á stofnun fyrir aldraða.

Brautarlýsing

Heilbrigðisfræði

HBF 303

Hjúkrun

HJÚ 133, 234, 334

Hjúkrun, verkleg

HJV 108

Inngangur að kennslufræði

IAK 102

Lífðlisfræði

LOL 312

Lyfhrifafræði

LHF 213

Sálfræði

SÁL 113, 213

Stjórnun

STJ 102

Upplýsingatækni

UTN 113, 213

Samtals

43 einingar

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. febrúar 2002.***Björn Bjarnason.**

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, göngubrú yfir Miklubraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir göngubrú yfir Miklubraut milli Kringlunnar og íþróttasvæðis Fram.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.***Siv Friðleifsdóttir.**

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998, íbúðarsvæði við Laufskála, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998 frá 2. febrúar 1980.

Breytingin felst í því að opið svæði/landbúnaðarsvæði til mótis við Laufskála 9-15 verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárvallahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.***Siv Friðleifsdóttir.**

Magnús Jóhannesson.